

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK.

Reykjavík, 13. júlí 2016

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003, með síðari breytingum (þunn eiginfjármögnun), 735. mál.

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Samtaka atvinnulífsins um framangreint frumvarp.

Markmið frumvarpsins er að vinna gegn möguleikum á skattasniðgöngu sem felst í svonefndri þunnri eiginfjármögnun og stuðla að bættri skattheimtu. Þannig er með frumvarpinu leitast við að skatttekjur af starfsemi sem fer fram hérlendis renni til samfélagsins og uppbyggingar þess. SA taka undir markmið frumvarpsins en leggja áherslu á að forðast flóknar reglur við útfærslu laganna og að gildissviðið sé skýrt afmarkað.

Fram kemur í greinargerð með frumvarpinu að við samningu þess hafi verið litið til niðurstaðna og ábendinga starfshóps um reglur þunnrar eiginfjármögnunar, sem fjármálaráðherra skipaði árið 2011 og skilaði skýrslu sinni í júní 2012. Nefndin var skipuð að áeggjan SA og átta samtökin fulltrúa í starfshópnum sem gegndi formennsku hans þegar skýrslunni var skilað.


Starfshópurinn taldi að ef lögfesta ætti sértækar reglur til að taka á þunnri eiginfjármögnun félaga væri nauðsynlegt að breyta öðrum lögum til samræmis þannig að vaxtafrádráttarreglan nái tilgangi sínum. Grundvallaratriði væri að lögfesta og afmarka skilgreiningu á samstæðuhugtakinu. Var lagt til að samstæða væri skilgreind þannig að hún samanstæði af móðurfélagi og dótturfélögum þess, eða sem líkast ákvæði 5., 6. og 7. tölul. 2. gr. laga um ársreikninga. Þessu er ábótavant í frumvarpinu. Gerði starfshópurinn tillögu um að samstæðuhugtakið yrði lögfest í nýrri grein 55.a í tekjuskattslögum.

Í 1. gr. frumvarpsins er lögð til ný vaxtaskilgreining í tekjuskattslögum í samræmi við tillögu starfshópsins. Starfshópurinn lagði til að samhliða þyrfti að breyta samsvarandi ákvæðum í lögum um staðgreiðslu fjármagnstekjuskatts, nr. 94/1996, og staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987. Þessu er einnig ábótavant í frumvarpinu.

Stuðningur SA við framgang frumvarpsins er háður því að framangreindar lagfæringar á frumvarpinu verði gerðar. Nánari útlistun á þeim lagfæringum er að finna í áður nefndri skýrslu starfshóps um reglur þunnrar eiginfjármögnunar.

Virðingarfyllt,

f.h. Samtaka atvinnulífsins



Hannes G. Sigurðsson,